



STÉTTARFÉLAG  
Í ALMANNAPJÓNUSTU

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/516*  
*komudagur 4.12.2013*

Grettisgata 89  
105 Reykjavík

Sími 525 8340  
Fax 525 8349

sfr@sfr.is  
www.sfr.is

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 2. 12. 2013

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar.  
37. mál**

SFR – stéttarfélag í almannapjónustu hefur borist erindi Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags, 13. nóvember 2013, um tillögu til þingsályktunar um flutning Landhelgisgæslunnar til Reykjanesbæjar, 37. mál.

SFR – stéttarfélag í almannapjónustu tekur ekki afstöðu til staðsetningar Landhelgisgæslu Íslands. SFR leggur þó áherslu á að ef til flutnings á starfsemi Landhelgisgæslunnar kemur verði tryggt að samráð verði haft við stéttarfélög starfsmanna Landhelgisgæslunnar og að stofnuð verði undirbúningsnefnd starfsmannamála til þess að tryggja vönduð vinnubrögð í breytingaferlinu. Þá hvetur SFR til þess að sú góða reynsla og þekking sem skapast hefur við sameiningu annarra stofnana verði nýtt starfsmönnum í hag, og til þess að tryggja að farsælega verði staðið að málefnum þeirra.

Með því að hlúa að starfsmönnum verður hlutverki Landhelgisgæslu Íslands best sinnt.

Virðingarfyllst,

f.h. SFR – stéttarfélags í almannapjónustu



Árni St. Jónsson, formaður SFR